



FRAMTÍÐIN ER HÉR

Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga
2018–2022

Samþykkt af stjórn sambandsins 30. nóvember 2018
á grundvelli umfjöllunar á XXXII. landsþingi sambandsins



Stefnumörkun –Sambands íslenskra sveitarfélaga 2018-2022

© Samband íslenskra sveitarfélaga 2018/18 – desember 2018

Borgartúni 30

Pósthólf 8100 – 128 REYKJAVÍK

Ábyrgðarmenn: Framkvæmdastjóri og sviðsstjórar sambandsins.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
1 Meginmarkmið og leiðarljós.....	5
2 Hlutverk sambandsins.....	7
3 Undirmerki og leiðir.....	8
3.1 Traustur grundvöllur.....	8
3.2 Fræðsla í forgang.....	11
3.3 Velferðin í öndvegi.....	14
3.4 Tengsl manna og umhverfis.....	18
3.5 Nýsköpun, lýðræði og mannréttindi.....	23

Formáli

Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2018–2022 var mótuð á XXXII. landsþingi sambandsins sem haldið var á Akureyri 26. til 28. september 2018. Á landsþinginu störfuðu fimm umræðuhópar sem höfðu markmið stefnumörkunarinnar til umfjöllunar.

Voru umræður landsþingsfulltrúa byggðar á stefnumótunarskjali sem starfsmenn sambandsins höfðu tekið saman á grundvelli stefnumörkunar Sambands íslenskra sveitarfélaga 2014–2018.

Á landsþinginu var samþykkt að vísa stefnumörkuninni til endanlegrar umfjöllunar og afgreiðslu hjá stjórn sambandsins.

Stjórn sambandsins hefur fjallað um drög að stefnumörkun og samþykkti hana á fundi 30. nóvember 2018.

Stefnumörkun sambandsins nær til flestra meginþátta í starfsemi sambandsins og sveitarfélaga og mun nýtast sem sterk leiðsögn við ákvarðanatöku stjórnar og vinnu starfsmanna sambandsins næstu fjögur ár og jafnframt fyrir þá fulltrúa sem tilnefndir eru á vegum sambandsins í nefndir, ráð og stjórnir.

Það er afar mikilvægt fyrir sveitarstjórnarstigið í landinu, vöxt þess og viðgang, að stefnumörkun þess sé vönduð og skýr. Um hana þarf jafnframt að ríkja sem breiðust samstaða og forsenda þess er að sem flestir sveitarstjórnarmenn komi að mótun hennar. Á landsþinginu á Akureyri tóku 219 fulltrúar nær allra sveitarfélaga landsins þátt í að ræða og móta stefnumörkunina. Með markvissri stefnumótunarvinnu á landsþinginu varð til skýr stefna í málefnum sveitarstjórnarstigsins næstu fjögur árin. Hagsmunagæslan af hálfu sambandsins mun því byggja á sterkum stöðum og verða mun áhrifameiri og skilvirkari en annars væri. Skýr sameiginleg stefnumörkun sveitarstjórnarmanna mun því styrkja og efla sveitarstjórnarstigið í heild sinni.

1. Meginmarkmið og leiðarljós

Sveitarstjórnarstigið og sjálfstjórn sveitarfélaga

- 1.1. Öflugt sveitarstjórnarstig er ein meginstoð velferðar íbúanna.
- 1.2. Sveitarstjórnarstigið á að vera hornsteinn lýðræðis og mannréttinda.
- 1.3. Sjálfstjórn sveitarfélaga skal viðurkennd og tryggð í landslögum og stjórnarskrá í samræmi við sáttmála Evrópuráðsins um sjálfstjórn sveitarfélaga.
- 1.4. Skipulagsvaldið er einn af hornsteinum sjálfstjórnarréttar sveitarfélaganna sem skal virða og ná til alls lands sem og haf- og strandsvæða.

Tekjustofnar og tekjur sveitarfélaga

- 1.5. Sveitarfélögum skulu tryggðir nauðsynlegir tekjustofnar í samræmi við þau verkefni sem þeim eru falin með lögum. Þeir skulu vera nægjanlega fjölþættir og sveigjanlegir til að standa undir þeirri þjónustu sem íbúar kalla eftir. Nýjar reglur eða kröfur af hálfu ríkisins í garð sveitarfélaga skulu ávallt háðar kostnaðarmati og ákvörðun sem tryggir fullnægjandi fjármögnun.
- 1.6. Skattlagning af hálfu sveitarfélaga skal vera hófleg og byggja á því, að ábyrgðar og hagkvæmni sé gætt við framkvæmd og fjármögnun þjónustunnar.
- 1.7. Sambandið skal stuðla að því að jöfnunarkerfið geri öllum sveitarfélögum kleift að sinna lögboðnum verkefnum með sambærilegum hætti.

Verkefni sveitarfélaga

- 1.8. Verkaskipting í opinberri stjórnsýslu skal miðast við að sveitarfélögin annist nærþjónustu, enda geti þau nýtt sér þá þekkingu sem þau hafa á nærsamfélaginu með tilheyrandi möguleikum á sveigjanlegum lausnum við framkvæmd þjónustunnar.
- 1.9. Lögð skal áhersla á að haft verði fullt samráð við sveitarfélögin um lagabreytingar á skipulagi almannþjónustu, sem þeim er falin framkvæmd á með lögum.
- 1.10. Við setningu laga og reglugerða um verkefni sveitarfélaga skal leitast við að svigrúm einstakra sveitarfélaga verði eins mikið og kostur er til staðbundinnar aðlögunar við framkvæmd þeirra.

- 1.11. Fylgt verði eftir meginmarkmiðum sjálfbærrar þróunar, þ.e. félagslegu réttlæti, ábyrgri fjármálastjórn, varðveislu lífvænlegs umhverfis og náttúru landsins, íbúum til hagsbóta.

Mannréttindi

- 1.12. Sveitarfélög verði samfélög án aðgreiningar. Stefnt skal að því að jafnréttis- og mannréttindasjónarmið, s.s. alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, verði fléttuð inn í alla stefnumótun og lagasetningu sem snýr að sveitarfélögunum.
- 1.13. Íbúar sveitarfélaga eigi kost á samfelldri og heildstæðri velferðarþjónustu sem skipulögð er með þarfir þeirra í huga.



2. Hlutverk sambandsins

- 2.1. Að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna, vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra, samstarfi og framþróun.
- 2.2. Að vera fulltrúi sveitarfélaga gagnvart ríkisvaldinu og öðrum innlendum aðilum, eftir því sem við á.
- 2.3. Að þjóna sveitarfélögum á sviði vinnumarkaðsmála, annast kjarasamningsgerð og hafa fyrirvar í kjaramálum fyrir þau sveitarfélög sem veita umboð sitt til þess. Hafa frumkvæði að rannsóknum og sinna upplýsingagjöf til sveitarfélaga um kjaramál.
- 2.4. Að þjóna sveitarfélögum og samtökum þeirra á sviði lögbundinna verkefna og öðrum þeim sviðum sem sveitarfélög og samtök þeirra kalla eftir í takt við þróun og breytingar á sveitarstjórnarstiginu.
- 2.5. Að vera fulltrúi sveitarfélaga gagnvart erlendum samtökum um sveitarstjórnarmál, alþjóðastofnunum og öðrum þeim aðilum erlendis, er láta sig sveitarstjórnarmálefni varða.
- 2.6. Að vinna að almennri fræðslu um sveitarstjórnarmál með ráðstefnu-, námskeiða- og fundahaldi og miðla þekkingu og upplýsingum til sveitarstjórnarmanna og starfsmanna sveitarfélaga með fjölbreyttum hætti og nýta til þess þá tækni sem völ er á hverju sinni.
- 2.7. Að sjá til þess að stefnumörkun landsþinga sambandsins sé framfylgt og að starfsemi sambandsins sé á hverjum tíma hagað í samræmi við samþykktir þess.
- 2.8. Að miðla upplýsingum og þekkingu til sveitarfélaga um leiðir til að bæta gæði þjónustu og stjórnarsýslu sveitarfélaga.
- 2.9. Að safna og miðla samtímaupplýsingum um starfsemi sveitarfélaga og stuðla að rannsóknum og upplýsingamiðlun um málefni þeirra.
- 2.10. Að stunda góða starfshætti, skilvirkni og vönduð vinnubrögð, með vísýni, traust og ábyrgð að leiðarljósi. Leitast við að hafa samráð og samstarf við alla þá aðila sem láta sig verkefni sveitarfélaga varða.

3. Undirmarkmið og leiðir

Á kjörtímabilinu 2018–2020 skulu stjórn og starfsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga beina kröftum sínum að eftirfarandi undirmarkmiðum.

3.1 TRAUSTUR GRUNDVÖLLUR

Öflugt sveitarstjórnarstig

- 3.1.1. Sambandið skal gæta hagsmuna sveitarstjórnarstigsins við endurskoðun stjórnarskrárinnar.
- 3.1.2. Sambandið skal vinna að því að við lagasetningu verði ávallt metið hvaða áhrif tillögur um lagabreytingar hafi á sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga. Jafnframt verði fest í stjórnarskrá að sveitarfélög eigi réttarfarsleg úrræði til að bregðast við brotum gegn sjálfstjórnarrétti sínum.
- 3.1.3. Sambandið styður við stækkun og eflingu sveitarfélaga. Stefnumótandi ákvarðanir verða ekki teknar nema með aðkomu landsþings.
- 3.1.4. Sambandið tekur saman upplýsingar um kjör sveitarstjórnarmanna á tveggja ára fresti og birtir þær upplýsingar. Jafnframt birtir sambandið viðmiðunartöflu sem nýtist við kjaraákvæðanir fyrir kjörna fulltrúa. Einnig stuðlar sambandið að umræðu um kjör og starfsumhverfi sveitarstjórnarmanna.
- 3.1.5. Sambandið gætir hagsmuna sveitarfélaga við innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Það miðlar upplýsingum og er til ráðgjafar fyrir sveitarfélögin m.a. vegna þátttöku sinnar í verkefnisstjórn um innleiðingu markmiðanna. Sambandið stendur fyrir kynningu á heimsmarkmiðunum fyrir sveitarfélögin.

Samskipti ríkis og sveitarfélaga

- 3.1.6. Efldur verði gagnkvæmur skilningur ríkis og sveitarfélaga á viðfangsefnum og þörfum hvors aðila fyrir sig.
- 3.1.7. Sambandið leggur áherslu á að þjónusta ríkisins verði sem víðast á landinu.
- 3.1.8. Sambandið vinnur að því að tryggt verði að heilbrigðisþjónusta sé örugg og aðgengileg fyrir alla landsmenn. Þjónustan verði efld frá því sem nú er, auk þess

sem nýttir verði kostir fjarheilbrigðisþjónustu þar sem við á og það þjónustuform þróað í samvinnu við heimamenn á hverjum stað.

- 3.1.9. Sambandið komi að stefnumótunarvinnu ráðuneyta á grundvelli laga um opinber fjármál þar sem viðfangsefni ríkis og sveitarfélaga skarast.

Fjármál og tekjustofnar sveitarfélaga

- 3.1.10. Sambandið skal vinna að því að breikka og styrkja tekjustofna sveitarfélaga.
- 3.1.11. Sambandið skal vinna að því að endurgreiðsla virðisaukaskatts, sem leggst ofan á almenna starfsemi og fjárfestingar sveitarfélaganna, verði tekin til gagn Gerrar endurskoðunar með það að markmiði að starfsemi sveitarfélaganna myndi ekki skattstofn fyrir ríkið.
- 3.1.12. Sambandið skal vinna að því að ríkisvaldið beri eðlilegan og sanngjarnan hlut í kostnaði við refa- og minkaveiðar.
- 3.1.13. Sambandið vinnur að því að sveitarfélög fái sanngjarna hlutdeild af tekjum hins opinbera af hagnýtingu sameiginlegra auðlinda.
- 3.1.14. Öll mannvirki verði metin til fasteignamats og undanþágur frá álagningu fasteignaskatts verði felldar niður.
- 3.1.15. Sambandið vinnur að brottfalli lagaákvæða sem leggja kvaðir á sveitarfélög um útvegum lóða án endurgjalds.
- 3.1.16. Sambandið skal beita sér fyrir því að sveitarfélögin fái auknar tekjur af raforkuframleiðslu. Þess verði sérstaklega gætt að skatttekjur sveitarfélaga af skattskyldum virkjanamannvirkjum skiptist ekki eingöngu eftir því hvar virkjanamannvirki eru staðsett heldur verði einnig tekið sanngjarnt tillit til umhverfisáhrifa virkjana og flutningskerfis raforku á nærliggjandi sveitarfélög.
- 3.1.17. Sambandið vinnur að því að auka samstarf milli sveitarfélaga um innkaupamál.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

- 3.1.18. Sambandið vinnur að endurskoðun og auknu gegnsæi á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga svo framlög sjóðsins nýtist sem best til að jafna stöðu sveitarfélaga. Jafnframt verði skoðað hvernig koma megir til móts við sveitarfélög sem eru í örum vexti.

- 3.1.19. Sambandið beitir sér fyrir því að breytingar á framlögum til sveitarfélaga vegna breytts regluverks verði innleiddar í áföngum, sérstaklega gagnvart sveitarfélögum sem fá lægri framlög en áður.
- 3.1.20. Sambandið skal vinna að því að sveitarfélög verði upplýst tímanlega um áhrif hugsanlegra breytinga á framlögum jöfnunarsjóðs til þeirra.
- 3.1.21. Sambandið skal beita sér fyrir því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hafi yfir að ráða fjármagni til að styðja myndarlega við sameiningar sveitarfélaga, enda fái sjóðurinn árlega sérstakt fjármagn á fjárlögum til að standa undir slíkum fjárframlögum.
- 3.1.22. Sambandið vinni að því að fjármögnun Innheimtustofnunar verði á fjárlögum í stað þess að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga standi undir sveiflukennndri fjárþörf stofnunarinnar.

Efnahagssamráð og kostnaðarmat

- 3.1.23. Sambandið vinni að því að auka samráð ríkis og sveitarfélaga um efnahags- og atvinnumál.
- 3.1.24. Sambandið vinni að frekari þróun fjármálareglna sveitarfélaga og gætir þess að þær styðji við ábyrga fjármálastjórn sveitarfélaga.
- 3.1.25. Kostnaðarmeta skal öll lagafrumvörp, framkvæmdaáætlanir ríkisins og stjórnvaldsfyrirmæli er áhrif hafa á fjárhag sveitarfélaga. Sambandið vinni jafnframt að því að tryggja fjármögnun frá ríkinu vegna nýrra lögbundinna verkefna.

Vinumarkaðsmál

- 3.1.26. Sambandið veiti sveitarfélögum faglega ráðgjöf, leiðbeiningar og eigi samráð við þau á sviði vinnumarkaðsmála.
- 3.1.27. Sambandið styðji sveitarfélög við að sinna vinnuveitendahlutverki sínu.
- 3.1.28. Sambandið stuðli að jafnræði í launasetningu starfsmanna sveitarfélaga, þ.e. að sambærileg og jafnverðmæt störf séu launuð með sama hætti og hvers kyns mismunun óheimil.
- 3.1.29. Sambandið stuðli að því að laun og önnur kjör starfsmanna sveitarfélaga verði sambærileg jafn verðmætum störfum hjá ríki og á almennum vinnumarkaði.

- 3.1.30. Sambandið þrói áfram starfsmatskerfið SAMSTARF í samstarfi við stéttarfélög starfsmanna sveitarfélaga.
- 3.1.31. Sambandið stuðli að samhæfingu og samráði við gerð og efni kjarasamninga.
- 3.1.32. Kjarasamningar sveitarfélaga styðji við skilvirka starfsemi rekstrareininga sveitarfélaga og séu ekki ákvarðandi um fyrirkomulag starfseminnar.
- 3.1.33. Sambandið efli kjararannsóknir í samvinnu við sveitarfélögin, Hagstofu Íslands og aðila vinnumarkaðarins.
- 3.1.34. Sambandið auki hvata til viðurkenndrar sí- og endurmenntunar í kjarasamningum, enda tengist námið starfi viðkomandi.
- 3.1.35. Sambandið tekur virkan þátt í samstarfi aðila vinnumarkaðarins.
- 3.1.36. Sambandið vinni að lausn lífeyrisskuldbindinga sveitarfélaga sem enn eru óuppgerð gagnvart ríkinu.
- 3.1.37. Sambandið vinni að því að kjarasamningar sveitarfélaga taki mið af sameiginlegri kjarastefnu opinbers vinnumarkaðar og stefnu um opinber fjármál.
- 3.1.38. Sambandið styðji sveitarfélögin eins og kostur er til að ná markmiðum sínum í mannauðsmálum, m.a. með ákvæðum í kjarasamningum, samvinnu við stéttarfélögin í samstarfsnefndum og með ráðgjöf til sveitarfélaga.

3.2 FRÆÐSLA Í FORGANG

- 3.2.1. Sambandið hefur velferð barna að leiðarljósi í stefnumörkun sinni um skóla- og frístundastarf. Áhersla verði lögð á að efla félagsfærni, frumkvæði og gagnrýna og skapandi hugsun nemenda. Sambandið tekur virkan þátt í vinnu mennta- og menningarmálaráðuneytis um mótun menntastefnu á Íslandi til 2030.
- 3.2.2. Sambandið hvetur til aukinnar samvinnu milli ríkis- og sveitarfélaga, og milli sveitarfélaga, um skóla-, félags- og heilbrigðisþjónustu með áherslu á snemmtæka íhlutun. Tryggja þarf að hagræðing í opinberum rekstri búi ekki til grá svæði í þjónustu við börn.
- 3.2.3. Sambandið beiti sér fyrir því að innleiðingu nýrra laga og stjórnvaldsákvæðana, svo sem aðalnámskráa og annarra opinberra áætlana í skólamálum, fylgi fjármagn svo unnt sé að koma þeim til framkvæmda.
- 3.2.4. Sambandið tekur þátt í að greina hvaða úrbóta er þörf til þess að íslenskt skólakerfi geti orðið í fremstu röð og fylgir eftir niðurstöðum úttektar

Evrópumiðstöðvar á framkvæmd opinberrar menntastefnu.

- 3.2.5. Sambandið gætir hagsmuna sveitarfélaga við mótun og framkvæmd stefnu ríkisins á sviði æskulýðs-, íþróttá- og menningarmála. Sambandið hvetur sveitarfélög til að vinna að jafnara aðgengi allra barna að íþróttá- og tómstundastarfi, óháð efnahag foreldra.
- 3.2.6. Sambandið beiti sér fyrir því að sveitarfélög fái stuðning ríkisins við innleiðingu á meginreglum Barnasáttmála Sp í starfsemi þeirra og stjórnsýslu.
- 3.2.7. Sambandið styðji sveitarfélög við að marka sér áherslur og stefnu um skóla- og frístundastarf innan ramma laga og reglugerða, með áherslu á grunnþætti menntunar. Sveitarfélög fái svigrúm til fjölbreytni varðandi kennsluhætti, námsgögn og útfærslu skóla- og frístundastarfs. Leyst verði úr óvissu um fjárhagsleg áhrif nýrra lagaákvæða um frístundaheimili á vegum sjálfstætt starfandi grunnskóla.
- 3.2.8. Sambandið beiti sér fyrir því að hagsmunir barna og ungmenna ráði för við endurskoðun á fyrirkomulagi barnaverndar og að horft verði til sjónarmiða sveitarfélaga í því samhengi.
- 3.2.9. Sambandið hvetur ríki og sveitarfélög til þess að huga sérstaklega að skólagöngu barna með íslensku sem annað tungumál í góðu samstarfi við foreldra og frjáls félagasamtök. Sérstök áhersla verði lögð á aðgengi allra barna að íslenskunámi, stuðning við móðurmál og virka þátttöku í fjölbreyttu skóla- og frístundastarfi frá leikskólaaldri.
- 3.2.10. Sambandið vinnur með Embætti landlæknis að innleiðingu og framkvæmd lýðheilsustefnu, s.s. með verkefni um heilsueflandi skóla og geðheilbrigðisáætlun með sérstakri áherslu á líðan og velferð barna.
- 3.2.11. Sambandið hvetur til samstarfs við mennta- og menningarmálaráðuneyti, félags- og barnamálaráðuneyti og félagasamtök um aðgerðir til að vinna gegn skólaforðun grunnskólanemenda og brotthvarfi nemenda úr framhaldskólum með áherslu á samfellu í þjónustu við börn og ungmenni.
- 3.2.12. Sambandið tekur virkan þátt í að koma til framkvæmda tillögum um að fjölga starfsfólki með viðeigandi menntun í skólum og frístundastarfi. Þróaðar verði fjölbreyttar námsleiðir sem veita starfsréttindi í áföngum, jafnframt því sem mótaðar verða aðgerðir til að sporna við kerfislægum kynjahalla í kennaranámi.
- 3.2.13. Sambandið beiti sér fyrir því að lagt verði mat á inntak kennaranáms, skipulag vettvangsnáms og starfsþróun með tilliti til menntastefnu og skólastarfs á hverjum

tíma. Unnið verði að því að leyfisbréf kennara á einu skólastigi veiti réttindi til kennslu á öðrum skólastigum. Leggja þarf áherslu á að starfsþróun og valdefling kennara, stjórnenda og annarra starfsmanna skóla verði forgangsverkefni.

- 3.2.14. Sambandið áréttar að útgáfa námsgagna er lögbundið verkefni ríkisins en mikilvægt er að auka svigrúm skóla til að velja námsgögn við hæfi. Tryggja þarf gott úrval námsgagna sem styður við skólaþróun og fjölbreytta kennsluhætti á öllum skólastigum.
- 3.2.15. Sambandið beiti sér fyrir því að efla verk-, tækni- og listnám í skóla- og frístundastarfi með áherslu á fjölbreytta kennsluhætti og samþættingu greina.
- 3.2.16. Sambandið styður við verkefni um eflingu læsis í nánu samstarfi leikskóla, grunnskóla og heimila nemenda.
- 3.2.17. Sambandið beiti sér fyrir því að fæðingarorlof verði lengt í 12 mánuði án þess að það leiði til skerðingar á greiðslum til foreldra. Teknar verði upp viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun leikskóladvalar að fæðingarorlofi loknu.
- 3.2.18. Sambandið kallar eftir samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið um greiningu á faglegum og fjárhagslegum forsendum þess að rekstur framhaldsskóla verði á hendi sveitarfélaga, sem tryggja muni aukna samfellu og vinna gegn brotthvarfi úr námi. Frelsi nemenda til að velja sér framhaldsskóla óháð búsetu verði áfram tryggt og sveitarfélögum gert kleift að taka að sér rekstur einstaka framhaldsskóla til reynslu.
- 3.2.19. Sambandið vinnur að því að komið verði á skýrum lagaramma um tónlistarskóla þar sem kveðið verði á um fjárhagslega og faglega ábyrgð ríkis og sveitarfélaga á rekstri þeirra.
- 3.2.20. Sambandið, mennta- og menningarmálaráðuneytið og Menntamálastofnun þróa áfram samstarf sitt um ytra mat og eftirlit með skólastarfi. Ytra mat á grunn- og leikskólum fari fram í hverjum skóla á 5-7 ára fresti.
- 3.2.21. Sambandið hvetur til þess að unnið verði að þróun dreifnáms á öllum skólastigum. Háskólar leggi áherslu á fjölbreytt framboð og aukin gæði námsleiða í fjarnámi.

3.3 VELFERÐIN Í ÖNDVEGI

Félagsþjónusta

- 3.3.1. Sambandið hefur velferð barna, fjölskyldna og fullorðinna einstaklinga að leiðarljósi og vinnur að því að félagslegur stuðningur sé skilgreindur út frá þörfum þeirra sem þurfa á aðstoð að halda óháð aldri, kyni, heilbrigði eða fötlun þeirra.
- 3.3.2. Sambandið beiti sér fyrir því að velferðarþjónusta í þágu einstakra notenda sé ætíð samfelld, heildstæð og veitt í nærumhverfi. Þessu markmiði verði náð með samvinnu hlutaðeigandi þjónustuaðila og markvissri viðleitni til að fækka gráum svæðum meðal annars með þverfaglegri teymisvinnu á öllum stigum.
- 3.3.3. Sambandið styðji við að sveitarfélög geti tekið upp nýtt verklag í heimilisofbeldismálum í samræmi við tilmæli Ríkislögreglustjóra. Sveitarfélögum verði tryggðar bjargir til innleiðingar fyrrgreinds verklags.
- 3.3.4. Sambandið beiti sér fyrir því að í vinnu við heildarendurskoðun á lagaramma um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga verði lögð áhersla á samspil opinberra framfærslukerfa og hlutverk ólíkra greiðslna skilgreint. Framkvæmd fjárhagsaðstoðar til framfærslu verði til þess að styðja við virkni og þátttöku sem flestra með valdeflingu að leiðarljósi og í samráði við einstaka notendur.
- 3.3.5. Sambandið beiti sér fyrir því að eftirlit með greiðslum úr bóta- og greiðslukerfi ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða verði aukið sem og samvinna milli stofnana m.a. með miðlun upplýsinga.
- 3.3.6. Sambandið beiti sér fyrir því að heildstæð og markviss stefna verði mótuð um skipulag og þróun öldrunarþjónustu til framtíðar sem taki mið af ólíkum þörfum þeirra sem þurfa á þjónustunni að halda. Sveitarfélögum verði tryggð breið aðkoma að stefnumótunarferlinu enda eiga þau mikla hagsmuni af því að bregðast tímanlega við lýðfræðilegri þróun og breyttri íbúasamsetningu. Sambandið skal jafnframt vinna að því að áfram verði undirbúnaðar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði þjónustu við aldraða.
- 3.3.7. Sambandið leggi áherslu á mikilvægi þess að skilgreina ábyrgðarsvið ólíkra þjónustuaðila og markmið einstakra úrræða í þjónustu við aldraða. Kostnaðarmetnar kröfulýsingar verði lagðar til grundvallar ásamt samningsgerð milli ríkis og sveitarfélaga um heimahjúkrun og fleiri þjónustupætti á forræði heilbrigðisyfirvalda.
- 3.3.8. Sambandið beiti sér fyrir því að framkvæmdaáætlanir um einstaka þætti velferðarþjónustu byggi á skýrri forgangsröðun og sé fylgt fast eftir. Í þeirri

eftirfylgni felst m.a. að allar aðgerðir sem settar eru á ábyrgð sveitarfélaga séu fullfjármagnaðar.

- 3.3.9. Sambandið skal stuðla að frekari framþróun í þjónustu við fatlað fólk með Sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks að leiðarljósi. Sérstök áhersla verður lögð á umbætur í atvinnumálum í samstarfi við Vinnumálastofnun og aðila vinnumarkaðarins. Sveitarfélögin fái faglegan og fjárhagslegan stuðning til þess að mæta ólíkum þörfum fólks á vinnumarkaði og sporna gegn mismunun.
- 3.3.10. Framkvæmdasjóður fatlaðra verði endurreistur og honum tryggt fjármagn til úrbóta í aðgengismálum og til að standa straum af kostnaði sem leiðir af nýrri lagaskyldu um viðeigandi aðlögun á vinnustöðum.
- 3.3.11. Sambandið vinnur að því, í nánu samstarfi við hlutaðeigandi sveitarfélög og þjónustuvæði, að móta framtíðarfyrirkomulag um samskipti opinberra aðila við stóra rekstraraðila sem veita velferðarþjónustu á landsvísu.
- 3.3.12. Sambandið fylgi eftir innleiðingu á NPA og stuðningsþjónustu og gæti hagsmuna sveitarfélaga gagnvart fjármögnun.
- 3.3.13. Sambandið vinni að því að framlög ríkisins í formi daggjalda séu nægjanleg til að standa undir rekstri hjúkrunarheimila og dagdvalar fyrir aldraða á vegum sveitarfélaga sem rekin eru á grundvelli kröfulýsinga um starfsemi þeirra. Jafnframt styðji sambandið eins og kostur er sveitarfélög sem telja á sig hallað í fjárhagslegum samskiptum við ríkið vegna reksturs og stofnkostnaðar hjúkrunarheimila undanfarin ár.
- 3.3.14. Lögð verði áhersla á að ríki og sveitarfélög vinni sameiginlega að því að sporna gegn langtímaatvinnuleysi, með sérstakri áherslu á að ungu, atvinnulausu fólki verði tryggð viðeigandi virkniúrræði.
- 3.3.15. Sambandið stuðli að skilvirkri og öflugri verkaskiptingu milli Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga á sviði vinnumiðlunar, vinnumarkaðsúrræða og annarrar þjónustu við atvinnuleitendur. Staðbundnir samstarfssamningar verði gerðir þar sem það þjónar kringumstæðum, m.a. að teknu tilliti til kostnaðarmats.
- 3.3.16. Sambandið gæti hagsmuna sveitarfélaga sem taka á móti flóttamönnum, skv. því samræmda móttökukerfi sem verið er að innleiða. Sambandið styður jafnframt við þekkingaruppbyggingu innan sveitarfélaga um málefni flóttamanna. Einkum verði hugað að móttökusveitarfélögum flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.
- 3.3.17. Sambandið hvetur til að tækni og nýsköpun verði innleidd í velferðarþjónustu sveitarfélaga. Kallað er eftir því að formleg stefna verði mótuð og samþykkt af

hálfu löggjafans og stjórnvalda ríkisins þar sem línur eru lagðar til framtíðar og fjármagn sett í þróunarverkefni.

- 3.3.18. Sambandið stuðli að bættri heilbrigðisþjónustu með nýtingu á nýjustu tækni og fjarskiptum við framkvæmd þjónustu. Þannig skal með innleiðingu fjarheilbrigðisþjónustu leitast við að tryggja aukið aðgengi að sérfræðiþjónustu.
- 3.3.19. Sambandið vinni með Embætti landlæknis að stuðningi og hvatningu til sveitarfélaga um að gerast heilsueflandi samfélög og gæta hagsmuna þeirra.
- 3.3.20. Sambandið gæti hagsmuna sveitarfélaga í samskiptum þeirra við ríkið um málefni hópa sem koma erlendis frá og þurfa opinberan stuðning í lengri eða skemmri tíma eftir komuna hingað. Sérstaklega verði horft til þess að börn njóti öryggis, þjónustu og verndar í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Skapa ber forsendur fyrir sveitarfélög að byggja upp nauðsynlega þjónustu og þekkingu í stjórnsýslu sinni þannig að móttakan gangi greiðlega fyrir sig m.a. í skólum.

Húsnæðismál

- 3.3.21. Sambandið efli samstarf við Íbúðalánasjóð um framkvæmd lögbundinna verkefna sveitarfélaga á sviði húsnæðismála. Áfram verði unnið að samþættingu húsnæðisbóta og vaxtabóta og að því stefnt að greiðslur fari fram með samræmdum hætti, á grundvelli samtímaupplýsinga. Jafnframt verði lagður grunnur að einu sameiginlegu greiðsluferfi fyrir húsnæðisstuðning ríkis og sveitarfélaga.
- 3.3.22. Sambandið vinni að því að skipulag á húsnæðismarkaði stuðli á öllum tímum að fjölbreytni og sveigjanleika sem tryggir öllum öruggt íbúðarhúsnæði á viðráðanlegu verði. Sérstaklega verði hugað að því hvernig tryggja megi framboð af ódýru og öruggu húsnæði til leigu eða kaups fyrir núverandi og næstu kynslóðir ungs fólks.
- 3.3.23. Sambandið styðji við félagslegt hlutverk Íbúðalánasjóðs og leggja sitt af mörkum til þess að tryggja gagnkvæma upplýsingamiðlun milli sjóðsins og sveitarfélaga.
- 3.3.24. Sambandið vinni að því að fortíðarvandi sveitarfélaga, vegna eldri félagslegra leiguíbúða, verði leystur með samkomulagi við Íbúðalánasjóð og ráðuneyti. Samkomulagið verði útfært með breytingu á lögum um húsnæðismál.
- 3.3.25. Sambandið leggur áherslu á jafnt aðgengi landsmanna, óháð búsetu, að húsnæðislánum á viðráðanlegum kjörum. Íbúðalánasjóður fái skilgreint hlutverk varðandi viðbrögð á svæðum þar sem brestur er á slíku aðgengi.

- 3.3.26. Sambandið taki virkan þátt í verkefnum sem efnt er til og hafa að markmiði að ná fram lækkun byggingarkostnaðar, án þess að skerða öryggi eða aðgengi að byggingum. Sérstaklega skal horft til þess, í samstarfi við Íbúðalánasjóð, aðrar stofnanir ríkisins og Samtök iðnaðarins, að fram fari áreiðanlegar greiningar á byggingarkostnaði þar sem m.a. er litið til svæðisbundinna þátta. Þá skal sambandið standa fyrir umræðu um verðmyndun á fasteignamarkaði, með tilliti til álagningar opinberra gjalda, vaxtastigs o.fl.
- 3.3.27. Sambandið stuðli að gerð markvissra og vandaðra húsnæðisáætlana sveitarfélaga. Stutt verði við formlegt samráð og samvinnu sveitarfélaga á vettvangi landshlutasamtaka, þar sem framkvæmd verði sameiginleg þarfagreining m.a. í tengslum við landsskipulagsstefnu, svæðisskipulag og þá þætti í aðalskipulagi sem snúa að framboði og eftirspurn eftir hentugu íbúðarhúsnæði, einkum til leigu.
- 3.3.28. Sambandið kalli eftir lagabreytingum til þess að styðja við aðgerðir byggðaáætlunar í húsnæðismálum. Veitt verði viðbótarstofnframlög vegna almennra íbúða (félagslegs leiguhúsnæðis) á vaxtarsvæðum til að bregðast við húsnæðiseklu, sem endurspeglir raunverulegt misgengi í byggingarkostnaði og verðmæti fasteigna.
- 3.3.29. Sambandið beiti sér fyrir lagabreytingum til að draga úr neikvæðum áhrifum skammtímaleigu íbúðarhúsnæðis til ferðamanna. Horft verði til styttingar leigutíma, aukins eftirlits og virkni þvingunarúrræða.



3.4. TENGSL MANNA OG UMHVERFIS

Skipulags- og byggingarmál

- 3.4.1. Sambandið beiti sér fyrir því að landsskipulagsstefna verði unnin í góðri sátt við sveitarfélög, sem stýra allri þróun byggðar og framtíðarmótun lands innan sinna marka, og samtök þeirra. Þau tækifæri sem felast í gerð landsskipulagsstefnu verði nýtt til þess að bæta verklag við gerð skipulagsáætlana og annarra opinberra áætlana og auka samræmi í áætlanagerð á landsvísu.
- 3.4.2. Sambandið aðstoði sveitarfélög í viðræðum við Vegagerðina um yfirfærslu þjóðvega og leggi áherslu á að verkefnið verði unnið í góðri sátt við sveitarfélögin.
- 3.4.3. Sambandið leggur áherslu á að skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögunum og að ekki er hægt að una því að ákvarðanir stofnana ríkisins á grundvelli sérlaga séu æðri skipulagsáætlunum sveitarfélaga.
- 3.4.4. Sambandið beiti sér fyrir því að framlög ríkisins til skipulagssjóðs verði aukin með hliðsjón af auknum kröfum sem gerðar eru til aðalskipulagsvinnu. Þess verði sérstaklega gætt að framlög skipulagssjóðs til sveitarfélaga skerðist ekki vegna aðkomu sjóðsins að gerð strandsvæðaskipulags.
- 3.4.5. Sambandið beiti sér fyrir samræmingu og einföldun löggjafar á sviði skipulags- og byggingarmála. Áhersla verði lögð á að einfalda löggjöf við gerð umhverfismats, kærufærið og að málsmeðferð í skipulagsmálum og við leyfisveitingar verði fyrirsjáanleg og stytta.
- 3.4.6. Sambandið beiti sér fyrir því að jarðalög og önnur löggjöf um landnýtingu sem tengist landbúnaði, svo sem girðingalög verði endurskoðuð. Í þeirri endurskoðun verði byggt á meginreglum og aðferðum skipulagslaga sem miða að því að sveitarfélög vegi saman ólík sjónarmið þegar ákvarðanir eru teknar um landnotkun. Jafnframt verði horft til landnotkunar innan þjóðlendna þar sem skýra þarf réttindi og skyldur ríkisins sem landeiganda.
- 3.4.7. Sambandið beiti sér fyrir því að lög um þjóðlendur verði endurskoðuð með hliðsjón af fenginni reynslu, fyrirhugaðri eigendastefnu ríkisins sem landeiganda og því að forræði á skipulagi fjallskilamála er hjá sveitarfélögunum.
- 3.4.8. Sambandið gæti hagsmuna sveitarfélaga við gerð standsvæðisskipulags á grundvelli laga um skipulag haf- og standsvæða og við endurskoðun þeirra laga. Í þeirri vinnu verði gerð krafa um að skipulag strandsvæða, allt að einni sjómílu út frá grunnlínu landhelginnar, verði á forræði sveitarfélaga. Einnig verði lögð áhersla

á að fram fari nauðsynlegar grunnrannsóknir á strandsvæðum þar sem álag vegna nýtingar er mikið, til að auðvelda gerð skipulags- og nýtingaráætla.

- 3.4.9. Sambandið beiti sér fyrir því að markmið og framkvæmd laga um lögheimili og aðsetur stuðli að miðlægrri og réttri skráningu lögheimilis og aðseturs einstaklinga á hverjum tíma.

Sjálfbær þróun og umhverfismál

- 3.4.10. Sambandið beiti sér fyrir því að ríki og sveitarfélög taki upp nánara samstarf um stefnumótun og uppbyggingu í úrgangsmálum. Áhersla verði m.a. lögð á að meðhöndlun úrgangs er almannþjónusta, betri nýtingu úrgangs sem til fellur með aukinni endurvinnslu og að ákvarðanir sveitarfélaga um meiriháttar fjárfestingar falli vel að stefnu í málaflokknum og löggjöf. Stefna ríkisins þarf að taka bæði mið af alþjóðlegum skuldbindingum og svæðisáætlunum um meðhöndlun úrgangs.
- 3.4.11. Sambandið beiti sér fyrir því að fundin verði ásættanleg lausn á landsvísu fyrir förgun spilliefna og annars áhættuúrgangs.
- 3.4.12. Sambandið beiti sér fyrir því að eftirliti með starfsleyfisskyldri atvinnustarfsemi verði að meginstefnu sinnt af staðbundnum stofnunum. Megináhersla verði á að opinbert eftirlit sé leiðbeinandi og ekki íþyngjandi og að miðlægar stofnanir beini kröftum sínum að samræmingu eftirlits frekar en að sinna sjálfar eftirlitsverkefnum.
- 3.4.13. Sambandið skal vinna að því að tryggja að virkt samráð sé haft við samtök sveitarfélaga og hlutaðeigandi sveitarfélög við gerð opinberra áætlana sem hafa áhrif á nýtingu auðlinda, svo sem fallvatna, jarðhitasvæða og strandsvæða, eða skipulagsáætlanir sveitarfélaga. Jafnframt verði tryggð aðkoma sveitarfélaga að stjórnnum og ákvörðunum um nýtingu þjóðlendna og málefni þjóðgarða.
- 3.4.14. Sambandið skal vinna að því að fram fari heildstæð umræða um framkvæmd náttúruverndarlaga og framtíðarsýn um fjölda friðaðra náttúrusvæða. Við ákvarðanir um friðun og verndun landsvæða verði ávallt haft samráð við hlutaðeigandi sveitarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga. Sveitarfélög hugi jafnframt að því hvernig þau geti stuðlað að aukinni náttúruvernd innan sinna marka.
- 3.4.15. Sambandið beiti sér fyrir því að ríki, sveitarfélög, landeigendur og ferðaþjónustan vinni saman að því að draga úr neikvæðum áhrifum af aukinni umferð ferðamanna á viðkvæma staði í íslenskrí náttúru. Áhersla verði lögð á nauðsynlega uppbyggingu á ferðamannastöðum og að umferð ferðamanna verði beint á landsvæði sem þola aukna umferð. Jafnframt verði lögð áhersla á að vegum og

öðrum innviðum verði viðhaldið til að þeir þoli þá auknu umferð sem leiðir af fjölgun ferðamanna.

- 3.4.16. Sambandið beiti sér fyrir því að sveitarfélögin verði virkir þátttakendur í umræðu um stofnun miðhálandisþjóðgarðs. Lögð verði áhersla á að landsvæði verði ekki friðlýst sem þjóðgarður í óþökk sveitarstjórna, sem fara með skipulagsvald innan sinna marka.
- 3.4.17. Sambandið beiti sér fyrir því að sveitarfélögin verði virkir þátttakendur í umræðu um framtíðarstefnu í orkumálum, þ.m.t. uppbyggingu flutningskerfis Landsnets, stefnu um lagningu raflína, áherslur í rammaáætlun, skattlagningu á virkjanir og flutningsmannvirki og þróun í nýtingu auðlinda, s.s. vindafli- og sjávarfallavirkjana.
- 3.4.18. Sambandið beiti sér fyrir því að til verði heildstætt lagaumhverfi um byggingu og starfsemi vindorkuvera.
- 3.4.19. Sambandið skal beita sér fyrir því að hraðað verði vinna við endurskoðun reglugerðar um fráveitur og skólþ. Teknar verði upp viðræður við ríkið um leiðir til þess að ljúka því verkefni að innleiða tilskipun um fráveitur með fullnægjandi hætti, svo sem með því að fella niður virðisaukaskatt af fráveituframkvæmdum sveitarfélaga.
- 3.4.20. Sambandið skal beita sér fyrir því að sveitarfélögin verði leiðandi þátttakendur í umræðu og aðgerðum til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og bregðast við neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga. Ennfremur skal sambandið hvetja sveitarfélög til að taka upp loftslagsstefnu og aðstoða sveitarfélög sem vilja verða kolefnishlutlaus.
- 3.4.21. Standa þarf vörð um vatnsgæði og tryggja aðkomu sveitarfélaga að gerð áætlana um stjórn vatnamála.

Samgöngur og fjarskipti

- 3.4.22. Sambandið vinni að því, í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga, að tryggja öruggan laga- og rekstrargrundvöll fyrir heildstætt kerfi almenningsgangna milli og innan landshluta. Sambandið leggur áherslu á að fjárveitingar verði auknar til verkefnisins og framtíðarskipulag rekstrar verði útfært á skýran hátt.
- 3.4.23. Sambandið vinni að því að við stefnumótun í samgöngumálum verði vistvænar samgöngur settar í forgang, að teknu tilliti til ólíkra aðstæðna landshlutanna, með því að styðja sérstaklega við notkun vistvænna orkugjafa, draga úr neikvæðum áhrifum af bílaumferð og auka jafnræði fjölbreyttra samgöngumáta.

- 3.4.24. Sambandið beiti sér fyrir því að tekið verði upp endurgreiðslukerfi í innanlandsflugi fyrir þá landshluta þar sem flugsamgöngur eru einu raunhæfu almenningssamgöngurnar.
- 3.4.25. Sambandið leggur áherslu á að uppbyggingu hágæða fjarskiptakerfis fyrir alla landsmenn verði lokið árið 2020, í samræmi við byggðaáætlun.
- 3.4.26. Sambandið skal beita sér fyrir því að unnið verði markvisst að því að fjölga komum og brottförum erlendra ferðamanna á fleiri stöðum en SV-horninu. Forsenda árangurs er að alþjóðaflugvellir uppfylli sem fyrst viðmið um flugöryggi.
- 3.4.27. Sambandið, í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga, fylgi eftir markmiði í byggðaáætlun um að fjármagn verði tryggt svo tillögur í samgönguáætlun nái fram að ganga, einkum þær sem miða að auknu öryggi samgangna á vinnu- og þjónustusóknarsvæðum um land allt.

Brunamál og almannavarnir

- 3.4.28. Sambandið skal leggja áherslu á að tryggja aðkomu sveitarfélaganna við áætlanagerð í almannavörnum, svo sem við gerð hættumats og viðbragðsáætlana vegna náttúruvár, enda bera sveitarfélögin ábyrgð á gerð viðbragðsáætlana samkvæmt lögum um almannavarnir.
- 3.4.29. Sambandið skal taka upp viðræður við ríkið um eflingu slökkviliða, með hliðsjón af fyrirhugaðri reglugerð um starfsemi slökkviliða og nýjum áskorunum fyrir slökkviliðin.
- 3.4.30. Sambandið beiti sér fyrir því að sveitarfélög fái stuðning við gerð brunavarnaáætlana. Jafnframt verði teknar upp viðræður við ríkið um eflingu slökkviliða með hliðsjón af auknum kröfum í nýrri reglugerð um starfsemi slökkviliða og fjölgun verkefna vegna aukinnar umferðar á vegum.
- 3.4.31. Sambandið aðstoði sveitarfélög sem vilja taka upp viðræður við ríkið um yfirtöku sjúkraflutninga. Lögð er áhersla á að skilgreina þjónustustig og tryggja fjármagn í samræmi við það.
- 3.4.32. Framkvæmdum við ofanflóðavarnir verði hraðað með því að auka árlegar fjárheimildir Ofanflóðasjóðs. Að loknum framkvæmdum við varnarvirki verði hafin vinna við endurskoðun ofanflóðalína þar sem við á.

Byggðamál og svæðasamvinna sveitarfélaga

- 3.4.33. Sambandið stuðli að því að aðferðafræði vegna sóknaráætlana verði þróuð áfram og byggji á virku samráði og samvinnu sveitarfélaga og samvinnu þeirra og ríkisins í gegnum stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál og landshlutasamtök sveitarfélaga.
- 3.4.34. Sambandið hafi náði samráð við sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra, ráðuneyti, stofnanir ríkisins og atvinnulíf til að stuðla að markvissri framkvæmd byggðastefnu og byggðaáætlunar.
- 3.4.35. Sambandið beiti sér fyrir gagnrýninni umræðu um stöðu og framtíðarhlutverk landshlutasamtaka, í tengslum við vinnu nefndar sem skipuð hefur verið um málefnið.
- 3.4.36. Sambandið beiti sér fyrir því að byggðamál verði samþætt við aðra málaflokka eftir því sem við á. Þá verði áhrif á þróun einstakra byggða og búsetu skoðuð og metin í allri stefnumörkun og áætlanagerð hins opinbera.
- 3.4.37. Sveitarfélög á hverju svæði sóknaráætlana verði hvött til samstarfs um gerð svæðisskipulags til að marka sameiginlega stefnu um málefni sem varða sameiginlega hagsmuni og þróun innan landshlutans.
- 3.4.38. Sambandið vinni að því með Byggðastofnun, og öðrum þeim aðilum sem málið varðar, að safna saman og gera aðgengilegar upplýsingar á sviði sveitarstjórnar- og byggðamála.
- 3.4.39. Sambandið styðji við samstarf sveitarfélaga, ráðuneyta og Byggðastofnunar um gerð þjónustukorts sem sýni aðgengi landsmanna að allri almennri þjónustu hins opinbera og einkaaðila til að bæta yfirsýn og skapi þar með grundvöll fyrir aðgerðir til að tryggja íbúum þjónustu og jafna kostnað.
- 3.4.40. Sambandið tekur virkan þátt í þróun hugmynda um að nýta ívilnanir í gegnum námslánakerfið sem hvata fyrir fólk með fjölbreytta menntun til að setjast að í dreifðum byggðum.

Atvinnumál

- 3.4.41. Sambandið taki virkan þátt í mótun heildstæðrar stefnu um fiskeldismál og nýtingu strandsvæða í sátt við umhverfið. Í þeirri vinnu verði m.a. lögð áhersla á að skýra gjaldtökuheimildir sveitarfélaga af fiskeldisstarfsemi. Þá verði horft til þeirra tækifæra til atvinnusköpunar sem í greininni felast. Auknu fjármagni verði veitt úr ríkissjóði til rannsókna sem stuðlað geti að upplýstri ákvarðanatöku um hvar slíkri starfsemi verði best fyrir komið.

- 3.4.42. Sambandið standi vörð um hagsmuni sveitarfélaga við stefnumótun um þróun ferðaþjónustu og mótun löggjafar um gjaldtöku af ferðamönnum. Tekjur af gistináttagjaldi renni til sveitarfélaga og ákvörðun um það verði tekin fyrir lok ársins 2018.
- 3.4.43. Sambandið beiti sér fyrir því að jafna raforkuverð bæði hjá fyrirtækjum og íbúum, m.a. með jöfnun flutningskostnaðar á raforku og hærri greiðslum til jöfnunar á húshitunarkostnaði svo íbúar borgi svipaðar upphæðir óháð orkugjöfum, ekki síst vegna áforma um orkuskipti í samgöngum. Einnig skal sambandið taka upp viðræður við ríkið um að efla styrki til almennings og sveitarfélaga á köldum svæðum. Stuðlað verði að notkun á vistvænni orku í stað jarðefnaeldsneytis og styrkir til jarðhitaleitar auknir.
- 3.4.44. Sambandið styður Samtök orkusveitarfélaga, Samtök sjávarútvegssveitarfélaga, Hafnasamband Íslands og Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum eins og kostur er og vinnur með þeim að sameiginlegum framfaramálum.

3.5. NÝSKÖPUN, LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI

Stafræn þróun og nýsköpun

- 3.5.1. Sambandið vinni að því að kortlagðar verði allar upplýsingar sem sveitarfélögum er gert að senda til opinberra aðila og setji fram tillögur um bætt verklag svo komast megi hjá tvíverknaði.
- 3.5.2. Unnið verði að því að koma á miðlægu samstarfi sveitarfélaga til að auðvelda þeim að verða virkir þátttakendur í stafrænni framþróun og nýta nútímatækni til að bæta þjónustu og samskipti við íbúana.
- 3.5.3. Unnið verði að áframhaldandi þróun á miðlægu þjónustugáttinni Ísland.is þar sem landsmenn geta á einum stað nálgast þjónustu og skjöl frá hinu opinbera og sinnt þeim erindum sem beinast að stjórnvöldum.
- 3.5.4. Ríki og sveitarfélög vinni saman að því að tryggja innviði fyrir stafræna þjónustu og samvirkni upplýsingatæknikerfa í gegnum stafræna stofnbraut.
- 3.5.5. Unnið verði að því að hvetja til nýsköpunar hjá sveitarfélögum, m.a. með veitingu nýsköpunarviðurkenninga og með nýsköpunarkönnunum, í samstarfi við ríkið.
- 3.5.6. Sambandið vinni áfram að því að aðstoða sveitarfélög við innleiðingu nýrra laga um persónuvernd og ákvæða þeirra um gagnavernd. Jafnframt verði lögð áhersla á að vakta kostnaðaráhrif laganna.

- 3.5.7. Sambandið setji á stofn samstarfsvettvang sveitarfélaga á sviði samskipta- og upplýsingamála sem fjalli um sameiginleg hagsmunamál þeirra á því sviði og samvinnu, svo sem um sameiginleg kaup á þjónustu, um samnýtingu upplýsinga, m.a. fyrir íbúa af erlendum uppruna og samhæfð fjarfundakerfi til að jafna aðstöðu á milli sveitarfélaga.

Jafnréttis- og mannréttindamál

- 3.5.8. Sambandið hvetji og styðji sveitarfélög í aðgerðum til að allir njóti fullra mannréttinda í sveitarfélögum og eigi jafn aðgengi að þjónustu þeirra og jöfn tækifæri til að vera virkir og viðurkenndir þátttakendur í samfélaginu.
- 3.5.9. Sambandið leggi sitt af mörkum og hvetji sveitarfélögin til að sporna gegn kynbundu ofbeldi, kynferðislegri áreitni og valdniðslu og styðji við að fullnægjandi úrræði séu fyrir hendi í sveitarfélögum.
- 3.5.10. Sambandið hvetur og styður sveitarfélögin í því ná fram jafnrétti kynjanna í reynd, bæði sem þjónustuveitendur og vinnuveitendur og þ. á m. að því að þau innleiði jafnlaunastaðal. Sambandið vinnur að þessu markmiði á grundvelli Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum og með auknu samstarfi við Jafnréttisstofu, norræn og önnur evrópsk systursamönd.
- 3.5.11. Sambandið leggi sitt af mörkum til að stuðla að því að hagsmunir íbúa af erlendum uppruna séu tryggðir. Mikilvægt er að þjónusta sé þeim aðgengileg og þeir séu viðurkenndir og virkir þátttakendur í samfélaginu. Sambandið skal fylgja því eftir að tillögur í Framkvæmdaáætlun um málefni innflytjenda 2016-2019 nái fram að ganga og sveitarfélög fái stuðning og fjármagn til að innleiða þær að sínu leyti.
- 3.5.12. Sambandið vinni að því að sveitarfélög fái lögbundinn stuðning Fjölmenningarseturs til að veita íbúum af erlendum uppruna fullnægjandi þjónustu og aðstoða sveitarfélög við að vinna saman að málefnum þeirra.

Menningarmál

- 3.5.13. Sambandið skal gæta eins og kostur er sameiginlegra hagsmuna sveitarfélaga við veitingu þjónustu og þróun hennar á sviði menningarmála.
- 3.5.14. Sambandið leggur áherslu á að stjórnvöld styðji við menningartengda ferðaþjónustu í stefnumótun á sviði ferðamála og úthlutun fjármuna til verkefna.
- 3.5.15. Sambandið leggur áherslu á að markmiðum laga um varðveislu menningarminja í eigin umhverfi verði fylgt eftir og að auknu fjármagni verði veitt til sjóða sem vinna að varðveislu menningararfs íslensku þjóðarinnar.

Alþjóðamál

- 3.5.16. Sambandið skal standa vörð um hagsmuni sveitarfélaga gagnvart EES samningnum og ESB. Til að tryggja hagsmunagæslu sambandsins á þessu sviði skal sambandið beita sér fyrir því að Brussel-skrifstofa sambandsins verði fest í sessi með varanlegri fjármögnun frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
- 3.5.17. Sambandið vinni að því að efla tengsl sveitarfélaga við Brussel skrifstofu sambandsins, m.a. með reglulegri upplýsingamiðlun, og vinna að því að sveitarfélög geti í auknum mæli nýtt sér tækifæri sem liggja í norrænu og öðru evrópsku samstarfi og alþjóðasamstarfi, bæði til ávinnings og framþróunar starfsemi sinnar og til að miðla þekkingu sinni til aðila í öðrum löndum.

Lýðræði og kosningalöggjöfin

- 3.5.18. Sambandið skal styðja sveitarfélögin í að beita markvissu samráði við íbúa við stjórnun sveitarfélaga og til að hafa samstarf við íbúa um mótun og framkvæmd þjónustu.
- 3.5.19. Sambandið styðji sveitarfélög til að setja á fót ungmennaráð og samstarfsvettvang fyrir þau á landsvísu. Stjórn sambandsins fundi með fulltrúum ungmennaráða.
- 3.5.20. Sambandið vinni að nauðsynlegum breytingum á kosningalöggjöf og framkvæmd kosninga til að samræma reglur um útstríkanir, um rafrænar kjörskrár og til að bæta aðgengi að utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Kannaðir verði kostir þess að sveitarfélög annist alfarið framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu og að hún verði rafræn. Sambandið skal jafnframt beita sér fyrir umræðu á vettvangi sveitarfélaga um framþróun lýðræðis á sveitarstjórnarstigi, hvernig hægt er að auka þátttöku í kosningum og í pólitískri stjórnun sveitarfélaga og frekari breytingum á kosningafyrirkomulagi og framkvæmd kosninga.